



## Vísitala neysluverðs hækkar um 0,47%

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,47% milli mánaða og mælist 12 mánaða verðbólga 1,9% (var 1,4% í september). VNV án húsnæðis hækkaði um 0,63% milli mánaða og mælist 2,3% árleg verðhjöðnun á þann mælikvarða

Tvennt kom langmest á óvart í mælingu Hagstofunnar, annars vegar að matur og drykkjarvörur hækkuðu verulega á milli mánaða og hins vegar að reiknuð húsaleiga lækkaði milli mánaða. Að öðru leyti er stærsta fréttin í tölum Hagstofunnar að veiking á gengi krónunnar júní, júlí og ágúst er að koma inn í verðlag nú en flestir liðir sem hækkuðu að einhverju marki eiga það sameiginlegt að vera innfluttir. Alls hækkuðu innfluttar vörur um 0,5% milli mánaða.

### Hækkunin var meiri en við bjuggumst við

Hækkun vísitölunnar milli mánaða var meiri en við bjuggumst við, en við höfðum spáð 0,2% hækkun. Arion banki og Íslandsbanki spáðu 0,3% hækkun.


Við vanmátum hækkun vísitölunnar nú en ofmátum hana í september. Ástæðuna fyrir þessari spáskekkju okkar má helst rekja til þess að gengisbreytingar á mat og drykkjarvöru hafa sögulega séð komið inn í verð þessa liðar með eins mánaðar töf. Að þessu sinni komu gengisbreytingar inn í verð á mat og drykkjarvöru með tveggja mánaða töf. Veruleg veiking varð á gengi krónunnar milli júlí og ágúst og því líklegt að þess sæjust merki í verðlagi matar og drykkjar í september. Þessi áhrif voru hins vegar að koma inn núna í október. Við ofspáðum því verulega hækkun matvöru í september en vanmátum verulega hækkun matvöru nú í október.

### Mestu áhrif til breytingar VNV milli september og október:

- **Matur og drykkjarvörur** (+0,24 prósentustiga áhrif). Verð á mat- og drykkjarvörum lækkaði um 1,3% milli mánaða í september en hækkaði nú í október um 1,9% milli mánaða. Sbr. textann að ofan kom gengisveiking krónunnar fram í verðlagi nú í október í stað september eins og búast hefði mátt við.

	Vægi í VNV	Áhrif á VNV	
		Raun	Spá
Matur og drykkjarv.	13,1%	0,24%	0,02%
Bensín	1,8%	0,08%	0,02%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,8%	0,08%	0,02%
Húsgögn og heimilisb.	3,8%	0,06%	0,04%
Hótel og veitingast.	5,1%	0,05%	0,00%
Ferðir og flutningar - annað	4,4%	0,02%	0,02%
Heilsa	3,9%	0,02%	0,01%
Kaup ökutækja	7,0%	0,01%	0,02%
Föt og skór	3,6%	0,01%	0,01%
Aðrar vörur og þjónusta	6,1%	0,00%	0,04%
Menntun	0,9%	0,00%	0,00%
Tómst. og menning	9,8%	0,00%	0,01%
Áfengi og tóbak	2,8%	0,00%	0,00%
Póstur og sími	2,3%	-0,01%	-0,06%
Flugfargjöld til útlanda	1,1%	-0,03%	0,01%
Reiknuð húsaleiga	20,4%	-0,04%	0,04%
	100,0%	0,47%	0,20%

Mánaðarbreyting VNV í október



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild




- **Bensín** (+0,08 prósentustiga áhrif). Nokkuð kom á óvart að mæling Hagstofunnar var mun hærri en mælingar okkar og greiningardeilda hinna bankanna, sem allar gerðu ráð fyrir 0,02 prósentustiga áhrifum. Yfirleitt er mjög lítil munur á spám greiningaraðila og mælingum Hagstofunnar hvað þennan lið varðar.
- **Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu** (+0,08 prósentustiga áhrif). Hækkun á þessum lið skýrst af hækkun á efniskostnaði vegna viðhalds á húsnæði, en aðrir undirliðir svo sem viðhaldsþjónusta, hiti og rafmagn, og greidd húsaleiga hækkuðu mjög lítið milli mánaða.
- **Húsgögn og heimilisbúnaður** (+0,06 prósentustiga áhrif). Gengislækkunin skilaði sér inn í verð á húsgögnum og heimilisbúnaði.
- **Reiknuð húsaleiga** (-0,04 prósentustiga áhrif) Hagstofan notast við þriggja mánaða hlaupandi meðaltal á fasteignaverði með eins mánaðar töf. Það þýðir að kaupsamningum sem þinglýst var í júní dattu út úr mælingu Hagstofunnar, en kaupsamningar frá september komu inn. Við gerðum ráð fyrir töluvert minni hækkun nú á síðustu mánuðum. Samkvæmt könnun okkar lækkaði 3 mánaða hlaupandi meðaltal bæði í sérbýli og fjölbýli á landsbyggðinni í september og mjög lítil hækkun var í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu.

### Tveir gagnstæðir kraftar

Seinustu ár hafa tveir gagnstæðir kraftar tekist á í verðbólguþrónni; gengi krónu og húsnæðisverð. Styrking krónunnar, lítil erlend verðbólga og aukin samkeppni samhliða komu erlendra smásölufyrirtækja inn á markaðinn hafa unnið á móti miklum verðhækkunum á húsnæði. Þegar mest gekk á í sumar var tólf mánaða hækkun húsnæðis 19% (3,9 prósentustiga framlag til 12 mánaða hækkunar VNV), en tólf mánaða lækkun innfluttra vara 7% (-2,3 prósentustiga framlag til 12 mánaða lækkunar VNV).


Við höfum áður bent á að hvorugt getur verið sjálfbært til lengri tíma. Í tölunum í morgun sáum við fyrstu skýru merkin í mælingum á VNV um að báðir þættir eru að gefa eftir.

### Niðurbrot á breytingu milli mánaða




Heimild: Hagstofa Íslands

### Gengisþróun



Heimild: Thomson Reuters Eikon

### Innflutt og innlend verðbólga



Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.